



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 33/2020

Upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunni joylato.is

I.

Málsmeðferð

1.

Í júnímánuði 2020 gerði Neytendastofa könnun á sölustað og vefsíðum ísverslanna. Snéri könnunin að því að skoða hvort verðskrá yfir þjónustuliði væri sýnileg á sölustað, sbr. ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og hvort veittar væru upplýsingar um þjónustuveitanda, sbr. ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, á vefsíðu.

Í bréfi Neytendastofu til Christan Neciov, rekstraraðila Joylato ísbúðar dags. 30. júní 2020, var gerð grein fyrir því að könnun Neytendastofu á verðmerkingum í verslun Joylato hafi leitt í ljós að verðmerkingar væru í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011, um verðupplýsingar og einingaverð við sölu á vörum. Þá voru gerðar athugasemdir við að skoðun á vefsíðu Joylato, joylato.is, sýndi að á vefsíðunni vantaði upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer, opinbera skrá og leyfi þjónustuveitanda. Í bréfinu var vísað til ákvæða 3., 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 og þeim fyrirmælum beint til Joylato að koma upplýsingum á vefsíðunni í viðunandi horf. Að öðrum kosti mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst.

2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 24. ágúst 2020, kom fram að við skoðun stofnunarinnar á vefsíðunni joylato.is hafi komið í ljós að á vefsíðuna skorti enn upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer, opinbera skrá og leyfi þjónustuveitanda. Því yrði ekki séð að Christan Neciov, rekstraraðila Joylato ísbúðar, hafi farið að fyrri fyrirmælum Neytendastofu.

Að nýju var þeim fyrirmælum beint til Joylato að koma upplýsingum á vefsíðunni í viðunandi horf að viðlögðum sektum.



Ekkert svar barst.

Skoðun Neytendastofu á vefsíðunni þann 10. september 2020 leiddi í ljós að viðeigandi umbætur höfðu ekki verið gerðar.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert kröfu um að Christan Neciov, rekstraraðila Joylato ísbúðar, geri viðunandi lagfæringar á vefsíðunni joylato.is. Á vefsíðunni er ekki að finna fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitanda, þar sem upplýsingar skortir um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer, opinbera skrá og leyfi þjónustuveitanda, sbr. 3., 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Engin svör hafa borist frá Joylato vegna málsins og engar lagfæringar hafa verið gerðar á vefsíðunni.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- „1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“*

2.

Christan Neciov, rekstraraðila Joylato ísbúðar, hefur brotið gegn ákvæðum 3., 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 með ófullnægjandi upplýsingagjöf um þjónustuveitanda á vefsíðunni joylato.is.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005 um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.



Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Joylato að koma upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðu sinni, joylato.is, í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði það ekki gert skal Joylato greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Christan Neciov, rekstraraðila Joylato ísbúðar, Laufbrekku 30, 200 Kópavogi, hefur með því að veita ekki upplýsingar um kennitölu, virðisaukaskattsnúmer, opinbera skrá og leyfi þjónustuveitanda, á vefsíðunni joylato.is brotið gegn ákvæðum 3., 5., 6., og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Christan Neciov, rekstraraðila Joylato ísbúðar, skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni joylato.is. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 10. september 2020.

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir